



Jón Sigurðsson, Teglstrupvej 5, Köbenhavn

Bjarni Benediktsson – Jón Sigurðsson, Teglstrupvej 5, Köbenhavn

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-8, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jón Sigurðsson,

Teglstrupvej 5,
København Ø.

12. desember 1945.

Herra borgarstjóri,
prófessor Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.

Kæri Bjarni!

Beztu þakkir fyrir vinsemd þína og hinar góðu undirtektir viðvíkjandi heilbrigðisfulltrúastöðunni. Eins og málinu nú er komið, kýs ég frekar að skrifa til þín persónulega en opinberlega. Ólafur bróðir minn hefur sagt þér frá viðtali landlæknis við hann um stöðuna og um afstöðu landlæknis í því máli og eins, að hinn sami landlæknir sé að hvetja mig til að undirbúa mig sérstaklega undir skólayfirlæknisstöðuna vantanlegu (þetta á þó vitanlega ekki að fara lengra). Ólafur hefur einnig sagt mér frá viðtali ykkar um þetta mál, og að bæjarstjórn öll sé ásátt um að gera stöðuna algerlega sjálfstæða og muni í því augnamiði breyta heiti stöðunnar ef með þarf.

Landlæknir hefur skrifað mér og segir m.a.: "--- Sé ég ekki nema tvennt til, að það (heilbrigðisfulltrúastarfið) verði undir-tyllustaða, sem illt verður fyrir lækni að una við - enda alls ekki af löggjöfinni lækni ætluð - eða tveir tígulkongar verði í spilinu og leiði til meiri eða minni vandræða. ---". Héraðslæknirinn í Reykjavík hefur einnig skrifað mér, og er það langt bréf. Er hann sýnilega allbenginn tekur það mörgum sinnum fram (m.a. skematískt!), að heilbrigðisfulltrúinn er undirmaður héraðslæknis, og að hinn fyrnefndi eigi að sitja á skrifstofu síðarnefnda. Héraðslæknir þykist þó ganga út frá, að ég vilji vinna undir hans stjórn og hlakkar til samvinnunnar(!). Báðir senda þeir, landlæknir og héraðslæknir, mér "Lög um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir" (12/2 1940) og undir- strika þar 6. grein, en þar stendur: "Í hverjum kaupstað skal bæjar- stjórn ráða heilbrigðisfulltrúa ---- . Heilbrigðisfulltrúinn annast, undir eftirliti héraðslæknis, alla daglega eftirlitsstarfsemi ---". Ennfremur sendir héraðslæknir mér "Reglugerð um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, samkvæmt lögum nr. 24 1.febr. 1936." (22/2 1939), og er skýrt tekið fram í reglugerðinni, að héraðslæknir sé yfirmaður heilbrigðisfulltrúa við eftirlitið.

Hér getur því miður ekki verið um neinn vafa að ráða. Heilbrigðisfulltrúastaðan er og á samkvæmt lögum að vera "undirtyllu- staða", en eins og þér er kunnugt, var mér heitið -áður en ég sótti um stöðuna- að hér væri um nýja og algerlega sjálfstæða stöðu að ræða, og skildist mér sem það væri þá þegar útkljáð mál. Ég er sjálfur ekki alveg sýkn í þessu máli, því ég hefði strax í upphafi átt að kynna mér til fulls afstöðu stöðunnar til héraðslæknis og helst átt að tala við hann um málið til að hafa hreinar línur hvað verkaskiftingunni viðvíkur. Fyrir alla aðila er það vitanlega bezt, að ekki séu "tígul- kongarnir tveir í spilinu".

Bróðir minn segir mér, að þú og bæjarstjórn séu að vinna að því, að staðan verði algerlega sjálfstæð stofnun, og gleður það mig vitanlega að heyra það. En því miður á ég erfitt með að trúá, að það sé mögulegt, jafnvel þótt reynt verði að breyta heiti stöðunnar.

Því samkvæmt ofanefndum lögum skal bæjarstjórn ráða heilbrigðisfulltrúa og á hann að starfa undir eftirliti héraðslæknis. Mér skilst því, að þótt stofnuð verði ný staða með nýju nafni, þá verði bæjarstjórn þrátt fyrir það að hafa "heilbrigðisfulltrúa", eða er ekki svo? Ennfremur skilst mér, sem lögin heimili héraðslækni einum (og fulltrúum hans) "alla daglega eftirlitsstarfsemi" a.m.k. með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum. - Hvað segir þú um allt þetta? Enginn er færari en þú til að dæma um lagalegu hlið málsins.

Ég er eins og er svo vantrúaður á, að þetta geti lagast á giftusamlegan hátt, að þangað til ég heyri nánara frá þér (sem ég vona að verði sem fyrst), þori ég ekki -framtíðar minnar vegna- að reiða mig fyllilega á heilbrigðisfulltrúastöðuna, og reyni því fyrst um sinn að auka möguleika mína til að geta fengið aðrar stöður, og hugsa ég þá, að slepptu heilbrigðisfulltrúastarfinu, mest um skólayfirlæknisstöðuna heima, sem virðist muni verða allmikil og virðuleg staða. Þegar ég kom hingað til Hafnar 1. des. (ég hafði sagt upp stöðu minni í Aarup) fór ég því ekki -eins og ég hafði ætlað mér- að nema hjá bæjarlæknum hér, heldur byrjaði ég hjá skólayfirlækni K. hafnar og íþróttalæknum hér til að auka möguleika mína, ef ég skyldi sækja um skólayfirlæknisstöðuna vantanlegu. - Ef kvíðbogi mín skyldi viðvirkjandi heilbrigðisfulltrúastöðunni skyldi reynast ástæðulaus, byrja ég vitanlega undir eins námið hjá bæjarlæknum hér, Stadslæge, Dr.med. Ahrend Larsen, sem hefur lofað að kynna mér vel alla hluti. Að öðru jöfnu vil ég heldur vinna hjá Reykjavíkurbæ en hjá ríkinu.

Það er ég hefi aðeins húsnæði til 1. marz, e.t.v. 1. apríl (mjög vafasamt!), er það mjög áriðandi fyrir mig að fá að vita sem allra fyrst, hvernig heilbrigðisfulltrúastaðan verður eftir hinar fyrirhuguðu breytingar, og þætti mér þá sérstaklega vænt um að fá upplýsingar um, hvort formlega (lagalega) sé tryggt, að staðan verði algjörlega sjálfstæð stofnun, og hvort vinnufriðurinn sé tryggður (starf og valdsvið stöðunnar verði ákveðið eftir hreinum línunum, þannig að t.d. héraðslæknir geti ekki með rétti kvartað að undan ókollegíalri framkomu við umsókn um stöðuna eða við sjálft starfið í henni). Ennfremur er ég spenntur að fréttu um nafn stöðunnar. Heilbrigðisfulltrúaheitið er lagalega óheppilegt og virðist ekki njóta mikillar virðingar hjá almenningi (sjá t.d. umsækjendurnar um stöðuna). Það mætti því gjarnan vera dálítið "veglegra"(!). Mér er þó vel ljóst, að álit stöðunnar fer meira eftir hvernig á henni er haldið en eftir heiti hennar.

Ég býð með óþreyju eftir úrslitum málsins, ég veit, að það getur ekki verið í betri höndum en þar, sem þú átt í hlut, og er það á engan hátt meint sem skjall.

með kærum kveðjum og beztu óskum um

gleðileg jól

þinn einlægur

Jón Sigurðsson.